

Jón Prándur Stefánsson

Frá: Eva Sigurbjörnsdóttir <arneshreppur@arneshreppur.is>
Sent: þriðjudagur, 27. október 2020 16:36
Til: Jón Prándur Stefánsson
Afrit: Skúli Gautason; Guðlaugur Agnar Ágústsson; Arinbjörn Bernharðsson; Bjarney Júlía. Fossdal
Efni: RE: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga og sérreglur sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta

Sæll Jón Prándur.

Fyrir hönd hreppsnefndar Árneshrepps sæki ég hér með um aukinn byggðakvóta fyrir **fiskveiðiárið 2020 til 2021**. Á síðasta fiskveiðiári hrapaði úthlutun til Árneshrepps niður í 15 tonn sem voru mikil vonbrigði þar sem sveitarfélagið er í verkefninu **Brothættar byggðir á vegum Byggðastofnunar** og hafði einmitt fengið nokkra aukningu í kvóta árin á undan. Ástæðan fyrir lækkun kvóta var sögð sú að ekki væri neinn þéttbýliskjarni í Árneshreppi, en aflatölur héðan úr sveitinni sýna að þéttbýliskjarnar þurfa ekkert að vera mjög stórir til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins. **Norðurfjörður er mjög vinsæl löndunarhöfn** og hafa bátar hér verið á bilinu **25 til 35** síðustu árin. Afli á land kominn vitnar um það sama; árið 2015 komu á land 363.002 kg, 2016 komu 560.646 kg, 2017 voru það 435.321 kg, 2018 komu 323.847 kg, á síðasta ári 2019 voru það 481.226 kg og á þessu ári voru slegin öll fyrri ár þegar landað var 662.001 kg. Gerðar hafa verið miklar endurbætur á höfninni og fiskmóttökunni og því búumst við við áframhaldandi góðum aflatölum héðan.

Verkefnisstjórn Brothættra byggða vegna Árneshrepps hefur einsett sér að leggja höfuðáherslu á aukinn kvóta til lands og sjávar nú á lokasprettinum í þessu verkefni sem á að ljúka í árslok 2021 og mér er kunnugt að Skúli Gautason verkefnisstjóri hefur einmitt verið eitthvað í sambandi við þig. Þess vegna sendi ég honum þennan póst í afriti, auk hreppsnefndarmanna.

Við óskum því eftir að Árneshreppi verði tryggður 26 tonna þorskígildiskvóti til úthlutunar árlega næstu árin til þess að við vitum að hverju við göngum, en ekki síst vegna þess að við teljum okkur þegar hafa sannað það að við erum þess verðug að fá úthlutun úr þessari sameign þjóðarinnar. Við þurfum að hafa möguleika á að fá til okkar fleiri íbúa sem hugsanlega gæti einmitt gerst ef hægt er að auka sjósókn enn frekar.

Hvað varðar vinnslu á afla þá erum við ennþá að stríða við vandamálið sem hlýst af vöntun á þriggjafasa rafmagni, á meðan við höfum það ekki er eiginlega tómt mál að tala um að hér sé hægt að stunda vinnslu á aflanum.

Hreppsnefnd óskar því eftir því að settar verði sérreglur um úthlutun byggðakvótans til Árneshrepps með eftirfarandi hætti: Ákvæði reglugerðar nr. 604 frá 3.júlí 2017 gildi um úthlutun byggðakvóta Árneshrepps með eftirfarandi viðauka/breytingum;

- a) Ákvæði 1.másl. 1.mgr.6.gr.reglugerðarinnar breytist og verður; Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1.september 2020 til 31.ágúst 2021.
- b) 2., 4. og 8.mgr. reglugerðarinnar falla brott.

Með óskum um jákvæðar undirtektir og bestu kveðjum,
Eva S.

Eva Sigurbjörnsdóttir
oddviti Árneshrepps
sími skrifstofa 451-4001
GSM 847-2819



Frá: Jón Þrándur Stefánsson <jon.stefansson@anr.is>

Sent: miðvikudagur, 14. október 2020 15:50

Til: skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is; borg@eldhorn.is; sfk@sfk.is; fjardabyggd@fjardabyggd.is; djupivogur@djupivogur.is; afgreidsla@hornafjordur.is; radhus@arborg.is; olfus@olfus.is; reykjanesbaer@reykjanesbaer.is; afgreidsla@sudurnesjabaer.is; skrifstofa@vogar.is; snb@snb.is; grundarfjordur@grundarfjordur.is; stykkisholmur@stykkisholmur.is; vesturbyggd@vesturbyggd.is; talknafjordur@talknafjordur.is; postur@isafjordur.is; bolungarvik@bolungarvik.is; sudavik@sudavik.is; strandabyggd@strandabyggd.is; drangsnes@drangsnes.is; Eva Sigurbjörnsdóttir <arneshreppur@arneshreppur.is>; skrifstofa@hunathing.is; blonduos@blonduos.is; skagastrond@skagastrond.is; skagafjordur@skagafjordur.is; fjallabyggd@fjallabyggd.is; dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is; akureyri@akureyri.is; sveitarstjori@grenivik.is; nordurthing@nordurthing.is; langanesbyggd@langanesbyggd.is

Afrit: Fiskistofa <fiskistofa@fiskistofa.is>

Efni: Re: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga og sérreglur sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta

Tilvísun í mál: ANR20090157

Vísað er til bréfs ráðuneytisins frá 11. september sl. þar sem óskað er eftir rökstuddum tillögum sveitarstjórna varðandi sérstök skilyrði um úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðarlaga. Í ljósi þess að skipting úthlutunar byggðakvóta til hluteigandi sveitarfélaga liggur enn ekki fyrir er sá **frestur sem ráðuneytið veitti til að skila tillögum til ráðuneytisins framlengdur til 30. október 2020.**

Ráðuneytið ítrekar að staðfesting reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta mun ekki verða auglýst fyrir en skipting úthlutunar byggðakvóta til einstakra byggðarlaga liggur fyrir. Ef í ljós kemur að um veruleg frávik á úthlutun til einstakra byggðarlaga er að ræða frá því sem var á fyrra ári þá mun viðkomandi sveitarfélögum verða gefinn kostur á að meta hvort ástæða sé til breytinga á þegar innsendum tillögum áður en ráðuneytið tekur þær til efnislegar meðferðar.

Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur / Specialist

Skrifstofa sjávarútvegs og fiskeldis / Department of Fisheries and Aquaculture
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9700
www.anr.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing Frá: Jón Þrándur Stefánsson/ANR/NotesSTJR

Dags: 11.09.2020 09:08:41

Til: skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is, borg@eldhorn.is, sfk@sfk.is, fjardabyggd@fjardabyggd.is, djupivogur@djupivogur.is, afgreidsla@hornafjordur.is, radhus@arborg.is, olfus@olfus.is, reykjanesbaer@reykjanesbaer.is, afgreidsla@sudurnesjabaer.is, skrifstofa@vogar.is, snb@snb.is, grundarfjordur@grundarfjordur.is, stykkisholmur@stykkisholmur.is, vesturbyggd@vesturbyggd.is, talknafjordur@talknafjordur.is, postur@isafjordur.is, bolungarvik@bolungarvik.is, sudavik@sudavik.is, strandabyggd@strandabyggd.is, drangsnes@drangsnes.is, arneshreppur@arneshreppur.is, skrifstofa@hunathing.is, blonduos@blonduos.is, skagastrond@skagastrond.is, skagafjordur@skagafjordur.is, fjallabyggd@fjallabyggd.is, dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is, akureyri@akureyri.is, sveitarstjori@grenivik.is, nordurthing@nordurthing.is, langanesbyggd@langanesbyggd.is

Afrit: Fiskistofa <fiskistofa@fiskistofa.is>

Efni: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga og sérreglur sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta

Tilvísun í mál: ANR20090157

Samkvæmt reglugerð nr. 731/2020, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2020/2021, skal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra úthluta aflamarki sem nemur allt að 4.617 þorskígildistönnum af botnfiski til að ráðstafa til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Að svo stöddu er ekki ljóst hvernig skipting byggðakvóta til byggðarlaga verður en útreikningur á aflaheimildum til byggðarlaga mun grundvallast á 4. gr. áðurnefndrar reglugerðar. Bent skal á að breytingar verða á úthlutun aflaheimilda til byggðarlaga frá því sem var á fiskveiðiárinu 2019/2020 þar sem heildarráðstöfun skerðist sem nemur 757 þorskígildistönnum og því mega byggðarlög búast við því að byggðakvóti byggðarlaga skerðist frá því sem var á fiskveiðiárinu 2019/2020 eða falli jafnvel niður.

Sú breyting er gerð á umsóknarferli frá fyrra ári að ekki er þörf á að sveitarstjórnir sækja sérstaklega um byggðakvóta heldur mun ráðuneytið tilkynna sveitarstjórnnum hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags sem undir þær falla þegar sú skipting liggur fyrir. Reiknað er með tilkynning úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2020/2021 verði send til sveitarstjórna fyrir lok októbermánaðar.

Reglugerð nr. 728/2020, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2020/2021, gildir um úthlutun byggðakvóta til einstakra fiskiskipa. Megintilgangur þeirra reglna sem fram koma í nefndri reglugerð er að tryggja að fiskiskip sem gerð eru út frá tilteknum byggðarlögum, og landað hafa afla þar, fái hlut í byggðakvóta sem landað er til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi.

Ráðherra getur heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórna að vikið sé frá almennum reglum samkvæmt tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna enda rökstyðji sveitarstjórnir tillögur sínar og sýni fram á að skilyrði lögð er séu byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum.

Ráðuneytið beinir þeim tilmælum til bæjar- og sveitarstjórna að horfa til þeirrar mögulegu verðmætaaukningar og atvinnusköpunar sem hafa má af byggðakvóta, ef reglur um ráðstöfun byggðakvótans verða mótaðar og minnr á að megintilgangur byggðakvóta er að stuðla að aukinni atvinnusköpun í viðkomandi byggðarlagi.

Vilji sveitarstjórn leggja til við ráðuneytið að sett verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðarlaga skal hún skila rökstuddum tillögum sínum til ráðuneytisins **eigi síðar en 15. október 2020. Tillögur sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina.** Með vísan til þess að þar sem úthlutun liggur ekki fyrir mun ráðuneytið hafa samband við hluteigandi sveitarstjórnir í þeim tilvikum ef að mati ráðuneytisins þörf verður á verulegum breytingum á tillögum sveitarstjórna í kjölfar till kynningar um úthlutun. Að óbreyttu er stefnt að því að málsmeðferð ráðuneytisins vegna tillagna sveitarstjórna verði lokið samhliða úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga.

Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur / Specialist

Skrifstofa sjávarútvegs og fiskeldis / Department of Fisheries and Aquaculture
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9700
www.anr.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing